

Fundargerð – 63. stjórnarfundur Reykjanes jarðvangs ses.

Haldinn 7. Janúar 2022, kl. 9:00 í gegnum fjarfundabúnaðinn Teams.

Mætt eru (aðalmenn):

Magnús Stefánsson (f.h. Suðurnesjabæjar), Fannar Jónasson (f.h. Grindavíkurbæjar), Ásgeir Eiríksson (f.h. Sveitarfélagsins Voga), Arnbjörn Ólafsson (f.h. Geocamp Iceland), Sigurgestur Guðlaugsson (f.h. Reykjanesbæjar), Jóhann Snorri Sigurgeirsson (f.h. HS Orku) og Árni Sigfússon (f.h. Bláa Lónsins)

Mætt eru (varamenn):

Sigrún Ásta Elefsen (f.h. Ferðamálasamtaka Suðurnesja), Hanna María Kristjánsdóttir (f.h. Þekkingarsetri Suðurnesja), Berglind Kristinsdóttir (f.h. Heklunnar/SSS)

Starfsmenn: Daníel Einarsson og Þuríður H. Aradóttir Braun sem ritaði fundargerð

Dagskrá:

1. Stjórn skiptir með sér verkum. Kosning formanns og varaformanns.

Stjórn kaus formann og varaformann á fundinum og var valið samhljóða. Magnús Stefánsson verður formaður stjórnar og Fannar Jónasson varaformaður.

2. Starfs- og fjárhagsáætlun RGP

Málinu var vísað til stjórnar á Aðalfundi RGP 26.11.21

Daníel fór yfir fjárhagsáætlun Reykjanes Geopark eftir að hún var uppfærð frá síðasta fundi. Mikilvægt er að áætlunin endurspegli umfang verkefna sem stofnunin vinnur að hverju sinni og verður hún uppfærð samkvæmt umræðu á fundinum.

Áhersla verður lögð á að byggja upp og þróa gestastofu í Kvikunni í Grindavík samhliða vinnu við gestastofu í Duushúsum.

3. Gjaldtaka við Reykjanesvita

Daníel fór yfir stöðu mála út frá hagsmunum Reykjanes Geopark og næstu skref í verkefninu sem hafa verið unnin með lögfræðingi. Aðstæður sem hafa skapast á svæðinu gera það að verkum að önnur verkefni tefjast og þetta hefur áhrif á uppbyggingu áfangastaðarins til framtíðar. Stjórn óskar eftir að fá fund með lögmanni til að fara yfir málin.

4. Önnur mál

Undirskrift fundarmanna fyrir fundargerðir þegar fundir eru haldnir í fjarfundabúnaði. Daníel sendir póst á fundarmenn og óskar eftir upplýsingum fundarmanna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9.42